

Hverfisráð Árbæjar

Ár 2016, þriðjudaginn 7. júní var haldinn 125. fundur Hverfisráðs Árbæjar. Fundurinn var haldinn í þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts og hófst hann kl.16:18. Viðstödd voru: Þorkell Heiðarsson, Hildur Hrönn Oddsdóttir, Þráinn Árni Baldvinsson og Alda Magnúsdóttir. Einnig voru viðstödd: Þorgeir Magnússon deildarstjóri þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts. Fundarritari var Arna Hrönn Aradóttir, verkefnastjóri ÞÁG.

Þetta gerðist:

1. Rætt um Betri hverfi 2016, hugmyndir skoðaðar. Hverfisráð Árbæjar er hvatt til að auglýsa hugmyndasöfnunina í Árbænum.
- Kl. 16:26 tók Alda Magnúsdóttir sæti á fundinum.
2. Umsókn íbúasamtaka Árbæjar vegna hverfishátíðar Árbæjar í ágúst. Sótt er um styrk að fjárhæð 100.000. Samþykktur styrkur að kr. 100.000.-
3. Rætt um sumarleiðir strætó.

Hverfisráð Árbæjar leggja fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Árbæjar lýsir vonbrigðum með að Strætó bs skuli enn eina ferðina taka mikilvægar ákvarðanir er varða almenningssamgöngur í Árbænum án nokkurs samráðs eða upplýsingagjafar við hverfisráð. Ljóst er að sú ákvörðun að leggja niður leið 26 mun hafa áhrif á möguleika fólks til þess að sækja sér þjónustu á milli hverfa eins og skóla, heilsugæslu og félagsþjónustu. Hverfisráð telur óábyrgt að leggja niður strætóleiðir án þess að bjóða upp á raunhæfa valkosti í stað þeirra sem lagðar eru af. Mikilvægt er að hverfin austast í borginni séu ekki einungis vel tengd miðbænum með almenningssamgöngum heldur sé einnig góð tenging þeirra á milli.

4. Rætt um hverfisSKIPULAGSfundinn sem var 2.júni í Fylkishöllinni.

Fundi slitið kl. 17.38.

Þorkell Heiðarsson

Þráinn Árni Baldvinsson
Hildur Hrönn Oddsdóttir

Alda Magnúsdóttir